

# Faghópur um rafræna opinbera þjónustu

## Ársskýrsla 2015

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu var stofnaður 28. janúar 2009. Markmið faghópsins eru:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rafræna opinbera þjónustu.
- Að auka samvinnu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í því skyni að stuðla að samræmdu heildarskipulagi í rafrænni þjónustu.
- Að stuðla að aukinni fræðslu um rafræna þjónustu, möguleika, hagræðingu og framþróun í takt við nýja tíma.

Í stjórn eru:

- Halla Björg Baldursdóttir, formaður (Þjóðskrá Íslands)
- Daði Ingólfsson, Strætó
- Eggert Ólafsson, meðstjórnandi (Reykjavíkurborg)
- Finnur Friðrik Einarsson (MainManager)
- Fjóla Jónsdóttir, meðstjórnandi (TMSoftware)
- Guðfinna B. Kristjánsdóttir, meðstjórnandi (Garðabær)
- Sigrún Eva Ármannsdóttir, meðstjórnandi (Advania)
- Örn S. Kaldalóns, meðstjórnandi (ICEPRO)

## Störf faghópsins á árinu

Haldinn var einn viðburður á árinu, þann 15. apríl 2015. Hann bar yfirskriftina „Er þetta heilbriggt?“. Fundurinn fjallaði um þróun í rafrænni stjórnsýslu hjá opinberum aðilum og velti upp þeirri spurningu hvers vegna hún virðist oft á tíðum vera allt önnur en gefið er til kynna í stefnum og markmiðum stjórnvalda. Atburðurinn var skipulagður í samvinnu við FOCUS, faghóp í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á árinu. Að öðru leyti fóru samskipti hópsins og skipulagning fundar í gegnum tölvupóst og símtöl.

## Lokaorð

Stjórn faghópsins þakkar stjórn Ský og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf á árinu. Einnig þökkum við fyrirlesurum og fundarstjórum fyrir þeirra framlag, svo og félagsmönnum og öðrum sem sótt hafa fundi eða lagt faghópnum lið með öðrum hætti.

Ég undirrituð, formaður faghópsins, læt nú af störfum. Ég þakka meðlimum hópsins, framkvæmdastjóra Ský og stjórn Ský fyrir afar gott samstarf undanfarin sjö ár.

Reykjavík 19. febrúar 2016

Halla Björg Baldursdóttir